



Frímúrarareglan svarið við áreiti nú tímans



Viðtal við Val Valsson - bls. 11

Réttu vélar í verkið!



 **NEW HOLLAND**

Eigum til afgreiðslu með skömmum fyrirvara úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum. Veldu vél sem hentar þínu verki!

CRAMARO



Höfum hafið sölu á Cramaro yfirbreiðslum fyrir malarflutningabíla.

- Sterkar yfirbreiðslur
- Aukið öryggi
- Hentar á allar gerðir vagna
- Gott verð

Rheno
brotfleygar




STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími 4 123 000
www.sturlaugur.is

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjóri

Steinar J. Lúðvíksson (X),
stjl@simnet.is

Ritstjórn

Einar Einarsson R&K DSM (ábm.)
einuna@simnet.is

Björn Kristmundsson (X)

Guðbrandur Magnússon (IX)
gudbrandur@hotmail.com

Steingrímur S. Ólafsson (VIII)
denni@islandia.is

Auglýsingar

Björn Kristmundsson (X)
Klapparhlíð 5,
270 Mosfellsbær
Sími 553 3847/894 4353

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Prentmet Suðurlands, Selfossi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarétt efnisins til útgefanda.

Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Valur Valsson SMR
(Ljósmynd: Ómar Óskarsson)

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurpel þeirra á meðal.“

Ný ritnefnd Frímúrarans: Maður kemur í manns stað

Það var á árinu 2005 sem SMR ákvað að ráðist skyldi í útgáfu fréttablaðs og hlaut það nafnið Frímúrarinn. Á þessum tíma var ég oddviti Fræðaráðs og féll það því í minn hlut að hrinda þessu verki úr vör. Ég viðurkenni það fúslega að ég kveið ofurlítið fyrir þessu verkefni. Ég hafði aldrei komið að blaðaútgáfu og vissi varla hvað snéri upp eða niður í þeim efnum. Ég ákvað því að leita

til bræðra sem ég vissi að höfðu verið og væru jafnvel enn tengdir blaðamennsku. Ég fór á fund br. Steinars J. Lúðvíkssonar og fór fram á það við hann að hann tæki að sér starf ritstjóra en á þessum tíma var hann ritstjóri hjá tímaritaútgáfunni Fróða. Það var auðfengið og leið mér strax miklu betur. Næst voru auglýsingamálin og ræddi ég við br. Björn Kristmundsson og bað hann að taka þau mál að sér. Það má jafnvel segja að þessi liður útgáfunnar sé einn sá erfðasti. Þegar ritstjórnin og auglýsingastjórnin voru í höfn, leitaði ég til br. Guðbrandar Magnússonar og br. Steingríms S. Ólafssonar um að sitja í ritnefnd blaðsins og var það



Einar Einarsson

auðfengið. En hvers vegna skyldi ég nú vera að tíunda þessa hluti nú? Jú, það eru tímamót, breyting er að verða á ritnefnd blaðsins í fyrsta sinn frá því útgáfa hófst. Á síðustu Sth lét ég af störfum sem YAR og br. Björn hefur lengi óskað eftir að hætta í nefndinni en gert það fyrir mig að sitja svo lengi sem ég væri oddviti. En maður kemur í manns stað. Hinn nýji YAR er fyrrver-

andi ÁRM, br. Gunnlaugur Claessen og þá kemur br. Páll Júlíusson til starfa í stað Björns.

Það er því komið að bæði kveðju- og þakkarstund. Ég þakka öllum sem lagt hafa hönd á plóginn í gegnum tíðina og gert það mögulegt að blaðið þrífst vel í dag. Ég óska nýrri ritnefnd alls hins besta um ókomna framtíð og vona að bræðurnir verði ekki síður duglegir að rita pistla í blaðið í framtíðinni. Síðast en ekki síst vil ég þakka minni góðu ritnefnd fyrir alveg sérstaklega ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Ég get ekki ímyndað mér betri samstarfsmenn.

Einar Einarsson DSM.

Ný skipulagsskrá Frímúrararsjóðsins

Hinn 15. janúar 2008 gaf Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi út nýja skipulagsskrá fyrir Frímúrararsjóðinn, mannúðar- og menningarssjóð Frímúrarareglunnar á Íslandi.


Í framhaldi af því skipaði Stórmeistarinn Allan V. Magnússon til þess að vera formaður stjórnar Frímúrararsjóðsins. Ennfremur skipaði hann þá Jón Birgi Jónsson og Guðmund Kr. Tómasson til setu í stjórninni. Ritari stjórnar er Þorsteinn Eggertsson.



Lambhagi

Íslenskt ræktað salat

FRATER.IS
VEFVERSLUN
ALLT SEM FRÍMÚRARINN ÞARFNAST



WWW.FRATER.IS
PÍPUHATTAR - ERMAHNAPPAR - SKYRTUHAPPAR
NÆLUR - PINNAR - SVERD - SEDLAVESKI
LYKLAKIPPUR - KVEIKJARAR - HANSKAR



Hjá Úlfari

Eru hvala vinir

Loftræstikerfi

•

Kerrusmíði

•

Ál og Stálsmíði

•

Öll almenn blikksmíðavinna

BLIKKSMÍÐJAN
BORG ehf.

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045
Frankvæmdastjóri: Sigurður B Hansen

Regluhátíð 2008



HSM Allan Vagn Magnússon, fyrrv. SMR norsku Reglunnar Magne Frode Nygaard, fyrrv. SMR Sigurður Örn Einarsson, SMR dönsku Reglunnar Hans Martin Jepsen flytur ávarp, SMR Valur Valsson, SMR finnsku 33° Reglunnar Kurt Österberg.

Regluheimilið við Skúlagötu skartaði sínu fegursta eftir glæsilegar endurbætur í vetrarstillunni í upphafi ársins, þegar árleg Regluhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi var haldin undir stjórn nýs SMR, Vals Valssonar. Það er aldagömul hefð fyrir hátíðarhöldum frímúrara þegar sól tekur að hækka á lofti og boðar lengri og bjartari daga, og því vafalaust engin tilviljun að fyrsta frímúrarastúkan á Íslandi, St. Jóh. St. Edda, var stofnuð á þrettándanum 6. janúar 1919.

Af ýmsum ástæðum hefur Regluhátíðinni síðustu árin, verið hnikað til um nokkra daga og í ár var hún haldin laugardaginn 12. janúar. Vel á fjórða hundrað manns sóttu hátíðina, en í hugum margra bræðra rammur Regluhátíðin inn og lokar jólahátíðinni, sem að sjálfsögðu hefst á jólafundum St. Jóh. stúknanna.

Það er ærið verk að undirbúa og skipuleggja svo stóra samkomu sem Regluhátíðin er, og fjölmargir bræður leggja metnað sinn og vinnu í að gera hana sem hátíðlegasta. Meðal efnis á dagskránni var Frímúrarakór-

inn sem kom fram undir stjórn Jóns Kristins Cortez við undirleik Jónasar Þóris og Hjörleifs Valssonar. Einsöngvari með kórnum var Ívar Helgason, en hann vakti mikla hrifningu þegar hann söng lag Jónasar Þóris „Jólahjós“ við texta sr. Hjálmars Jónssonar. Og kórin söng sig inn í hug og hjórtu áheyrenda. Það er löngu orðið tímabært að fá að heyra í þessum listamönnum á hljómdiski.

Í ávarpi sínu þakkaði Valur Valsson SMR, forvera sínum í embætti, Sigurði Erni Einarssyni, fyrir allt hans mikla starf fyrir okkur bræðurna fyrr og síðar. Og bætti við að: „Stórmeistari kemur og Stórmeistari fer. En Reglan stendur óbreytt „stuðlabergi lík.““

SMR ræddi um endurbæturnar á Regluheimilinu sem lokið var við á síðasta ári, og þakkaði bræðrunum sem undirbjuggu og stjórnðu verkinu og sagði: „Þetta var mikið verk en sem var algjörlega nauðsynlegt til að forða því frá skemmdum og til að draga úr viðhaldskostnaði næstu ár og áratugi... Fyrrverandi Stórmeistari Reglunnar setti í gang á síðasta

ári söfnun meðal bræðranna til að standa undir þessum kostnaði. Sérstakur starfshópur sér um framkvæmd söfnunarinnar. Ég vil, bræður mínir, hvetja ykkur alla til að vera með. Þið ráðið upphæðinni, í eitt skipti, eða með mánaðarlegri greiðslu um nokkurn tíma. Allt hjálpar. Ég veit að margir ykkar vilja vera með en hafa ekki enn komið því í verk. Þið viljið ekki láta bróðurinn sem situr við hliðina á ykkur borga brúsann. Þetta er Regluheimili okkar allra og við viljum allir leggja fram einhvern skerf – allt eftir efnun og ástæðum. Ég hvet ykkur, sem enn eigið ólokið þessu verki, að láta það verða eitt af fyrstu verkum nýs árs.“

Þá bauð SMR sérstaklega velkomna þá mörgu nýju bræður sem gengið hafa til liðs við Regluna að undanförunu og sagði: „Upptaka nýs bróður er mikið gleðiefni hverju sinni og honum er réttilega fagnað vel. Það er hins vegar ekki alltaf auðvelt að ganga til liðs við svo fjölmennan félagsskap með svo sterkar rætur og svo miklar og formfastar venjur ... Að taka vel á móti nýjum bróður er



ÆKR Þórir Stephensen, Stm. Rúnar Ólafur Ásgeirsson, fyrrv. SMR Sigurður Örn Einarsson, fyrrv. Stj.M. Stú-
artstúkunnar á Akureyri Eiríkur P. Sveinsson.



SMR dönsku Reglunnar Hans Martin Jepsen, SMR
Þýsku Reglunnar Jochim Klauss, SMR Valur Valsson
og SMR finnsku 33° Reglunnar Kurt Österberg.



Hjörleifur Valsson og Jónas Þórir Jónasson.



Þjónustulið undir stjórn Tómasar H. Ragnarssonar.

verkefni okkar allra. Hann þarf að ná að skjóta sterkum rötum í Frímúrarararaveginum og okkar er að stuðla að því.“

SMR minnti einnig á mikilvægi þess að við gleymdum ekki þeim bræðrum sem af einhverjum ástæðum hætta að mæta á fundi og missa tengslin við Regluna. „Hér er verk að vinna – mikið verk. Allt of margir bræður okkar hafa misst tengslin og það verður að vera okkar verkefni að hjálpa þeim að fóta sig í starfi á nýjan leik. Sumir afsaka fjarveru sína með því að kjölfötin passi ekki lengur og það er mikill þröskuldur að ætla að hefja starfið á nýjan leik með því að kaupa sér ný fót. Kannski getum við komið á fót einhvers konar láns- eða leigu fyrir slíka bræður til að hjálpa þeim yfir þennan hjalla.“

Í tilefni fjölmiðlaumræðu undanfarna mánuði um erindi kristinnar siðfræði og biblíusögur í skóla landsins, spurði SMR: „Getur nokkuð gott komið frá Nasaret?“ Og bætti við: „Ég verð að viðurkenna að mér finnst það nokkuð áhyggjuefni að prestar

kirkjunnar og biskup þurfi að taka til varna fyrir kristna siðfræði eins og hún hafi slæm áhrif á unga fólk í landinu. Eða að hún kunní í framtíðinni að reynast hættuleg og þess vegna skuli hún víkja úr skólunum. Er virkilega efni til þess að spyrja eins og Natanel forðum: „Getur nokkuð gott komið frá Nasaret?“ ... Kristín siðfræði er grundvöllur siðmendingar okkar og alls samfélagsins og hefur reynst Íslendingum vel. Við þekkjum ekkert betra leiðarljós. Gerum okkar til að verja það!“

Auk íslenskra frímúrararbræðra, var sérstaklega boðið til hátíðarinnar fulltrúum erlendra Reglna. Frá Danmörku komu Hans Martin Jepsen, SMR, Jens E. Lassen, IVR og Frantz Nøhr, MBR. Frá Svíþjóð Nils Arne Bidsell, Stj.M. á Skáni. Frá Noregi komu Magne Frode Nygaard, fyrrv. SMR, Ragnar Tollefsen, DSM og Bjørn Olav Bergholtz, MBR. Frá Finlandi komu Kurt Österberg SMR, Reijo Miettinen, STR og Tapio Vartiainen, fulltrúi Íslands við finnsku frímúrararegluna. Og frá Þýskalandi

kom Joachim Klauss, SMR.

Þeir Kurt Österberg frá Finlandi og Joachim Klauss frá Þýskalandi, voru útnefndir heiðursfélagar Frímúrarareglunnar á Íslandi. Þá var Jónasi Þóri Dagbjartssyni veitt heiðursmerki Frímúrarareglunnar á Íslandi fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu Reglunnar og bræðranna. Einnig voru Ingolf Jóns Petersen fyrrverandi STM St. Andr. st. Helgafells, Birgi Val Ágústssyni fyrrverand STM St. Andr. st. Huldar og Kristjáni Sigfúsi Sigmundssyni fyrrverand STM St. Jóh. st. Fjölmis, veitt heiðursmerki fyrrverandi STM.

Sr. Þórir Stephensen ÆKR, flutti hátíðarræðuna, minni Reglunnar flutti Pétur Esrason RMR, og Þorsteinn Sv. Stefánsson IVR, ávarpaði erlenda gesti.

Í lok borðhaldsins var öllum þeim sem komu að undirbúningi, tónlistarflutningi og flutningi ávarpa, þakkað fyrir þeirra framlög með dynjandi lófataki.

Steingrímur B. Gunnarsson
Ljósmyndir: Jón Svavarsson



Á Stórhátíð voru þrír bræður vígðir til R&K: Kristján Þórðarson, Kristinn Guðmundsson og Kristján S. Sigmundsson, sem hér eru ásamt Vali Valssyni SMR.

Stórhátíð: Þrír nýir R&K

Stórhátíð Reglunnar var haldin 27. mars 2008 og var mjög vel sótt og líklega mesti fjöldi bræðra sem hefur komið á Stórhátíð í mörg ár. 230 bræður sátu fundinn sem stýrt var af nýjum SMR br. Vali Valssyni. Eftirvænting og áhugi fyrir heill og velferð Reglunnar skýrir þessa góðu fundarsókn bræðranna.

Á fundinum voru þrír bræður vígðir til R&K. br. Kristján S. Sigmundsson, br. Kristján Þórðarson og br. Kristinn Guðmundsson.

R&K br. Kristján S. Sigmundsson var skipaður til þess að vera FHR og oddviti Fjárhagsráðs, R&K br. Gunnlaugur Claessen var skipaður til þess að vera YAR og oddviti Fræðaráðs, R&K br. Pétur K. Esrason skipaður til þess að vera ÁMR og oddviti Styrktarráðs, R&K br. Bent Bjarnason var skipaður til þess að vera RMR og R&K br. Sigurður Kr. Sigurðsson var skipaður til þess að vera MBR.

Tveir R&K létu af embættum á þessum fundi en það eru br. Skúli G. Ágústsson sem lét af starfi sem FHR og Oddviti Fjárhagsráðs og br. Júlíus Egilsson lét af starfi sem St.Sm.

SMR br. Valur Valsson þakkaði þeim fyrir vel unnin störf í þágu reglunnar og bræðranna.

Í Landsstúkunni urðu þær breytingar helstar að, R&K br. Aðalsteinn V. Júlíusson var skipaður til þess að vera E.st.Stv., R&K br. Kristján Þórðarson var skipaður til þess að

vera Y.st.Stv., og R&K br. Kristinn Guðmundsson var skipaður til þess að vera St.Sm. Breytingar voru gerðar meðal embættismanna í Landsstúkunni, Stúartstúkunni á Akureyri og ráðum Reglunnar sem of langt er að telja upp í þessari stuttu samantekt.



Bræður með heiðursmerki Reglunnar. Gunnlaugur Karlsson, Jón Ólafsson, Hörður Þórarinnsson, Sigurður Ingvarsson og Bruno Hjaltested.



Jóhann Tryggvason, Bogi Magnússon, Andrés Sigurðsson, Örn Arnarson, Haraldur Sigurðsson, Sigvaldi Páll Gunnarsson og Guðjón Sigurbjörnsson



Jón Sigurðsson ávarpar nývígða R&K.

Á Stórhátíð flutti br. Skúli G. Ágústsson skýrslu um fjárhag Reglunnar og kom fram í máli hans að mikil kostnaður var á starfsárinu vegna endurnýjunar í Regluheimilinu í Reykjavík.

IVR, Þorsteinn Sv. Stefánsson, flutti skýrslu um störf Reglunnar á liðnu starfsári og kom þar meðal annars fram að 36 br. hefðu h.t.au.ei. frá síðustu Stórhátíð.

Stólmeistaraskipti urðu í einni St.Andr.st. á starfsárinu.

Kristján Þórðarson lét af embætti í St. Andr. st. Heklu. Við kjör bræðranna var Halldór Jóhannsson kjörinn Stólmeistari og tók hann við embætti 7. apríl sl.

Stólmeistaraskipti urðu í tveimur

St. Jóh.st. á starfsárinu. Jóhann Heiðar Jóhannsson lét af embætti í St. Jóh. st. Glitni. Við kjör bræðranna var Kristján Jóhannsson kjörinn Stólmeistari og tók hann við embætti 16. janúar sl. Gunnar Ólafsson lét af embætti í St. Jóh. st. Akri. Við kjör bræðranna var Karl Alfreðsson kjörinn Stólmeistari og tók hann við embætti 3. mars sl.

Við borðhaldið ávarpaði STR br. Jón Sigurðsson nýgvígða R&K og br. Kristján S. Sigmundsson þakkaði fyrir þeirra hönd.

Í Frímúrarareglunni á Íslandi eru nú 3334 virkir bræður.

*Guðni Þór Jónsson
Ljósmyndir: Jón Svavarsson*

Nýkjörinn stólmeistari St. Jóh.st. Akurs

Hinn 3. mars 2008 tók br. Karl Alfreðsson við embætti stólmeistara í St. Jóh. St Akri af br. Gunnari Ólafssyni sem gegnt hefur embættinu sl. 6 ár.



Karl Alfreðsson

Br. Karl er fæddur 28. september 1955 á Akranesi. Hann lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands og hóf störf hjá Málningarþjónustunni hf. og vann þar í 12 ár. Hann starfaði hjá Bókhaldsþjónustunni sf. í 10 ár og síðastliðin 10 ár hefur Karl starfað á Skattstofu Vesturlands. Hann var í stjórn Knattspyrnufélags ÍA um 7 ára skeið (1991-1998).

Karl er áhugamaður um bridds og hefur stundað keppnisbridds í yfir 35 ár. Helstu áhugamál hin seinni ár eru ferðalög, þá aðallega gönguferðir innanlands. Karl á eina dóttur og uppeldisson.

Br. Karl gekk í St. Jóh. st. Akur í febrúar 1992 og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir stúkuna. Hann var varaféhirðir 1993-1996, féhirðir 1996-2002, eldri stólvörður 2002-2003. Karl var varameistari 2003-2008 og Stólmeistari í mars 2008. Hann hefur einnig starfað sem formaður húsnefndar og bræðranefndar.

Heiðursmerki stúkunnar hlaut Karl hinn 25. mars 2007.

Frímúrarar!

Munið minningarkort bræðranefndar.

Hægt er að panta kort á heimasíðu Frímúrarareglunnar. www.fmr.is



Hjörleifur G. Bergsteinsson lengst til vinstri, á hnjúnum er Símon Ólafsson og hjá honum stendur Bragi Guðrádsson. Myndin til vinstri sýnir súlurnar fullfrágengnar.

Marmarasúlurnar í Hafnarfirði

Byggingu stúkuhússins að Ljósatröð í Hafnarfirði lauk formlega hinn fyrsta nóvember 1996 þegar húsið var vígt. Að sjálfsögðu var þá ýmislegt eftir við bygginguna sem síðan hefur verið bætt úr. Það var mikið áhugamál nokkurra bræðra að byggingu hússins mætti ljúka endanlega á tíu ára afmælinu með því að reistar yrðu súlur við innganginn. Hagrád Hamars og Njarðar ákvað að svo skyldi gert og fól nokkrum bræðrum að annast verkið. Að hætti þeirra sem bruðla með fjármuni opinberra sjóða var auðvitað valin dýrasta leiðin.

Það eru líklega sjö ár síðan þessar súlur voru hannaðar og teikningar urðu til. Eins og þið vitið br. mínir eru margar skoðanir á því hvernig súlur eigi að vera. En þrír br. sátu

að mestu yfir hönnuninni það voru þeir Bragi Guðrádsson, Símon Ólafsson og Jóhannes Harry Einarsson. Er þeir voru orðnir nokkuð sáttir með verk sitt var teikningin borin undir tvo br., þá br. Hrein Jóhannsson gullsmið sem nú er látinn og br. Gunnar Einarsson arkitekt. Lögðu þeir blessun sína yfir teikninguna en þeir voru báðir fróðir um þessi mál.

Það var samdóma álit þeirra manna sem um þetta fjölluðu að bræðurnir ættu skilið að Frímúrahúsið að Ljósatröð fengi ásynd sem eftir væri tekið hvað varðaði stíl og glæsileika. Var því kannað hvort mögulegt væri að koma fyrir marmarasúlum við inngang musterisins. Kom brátt í ljós að verðmunur á marmarasúlum og öðru efni væri nokkur,- þó ekki meiri en svo að ráð-

ist var í verkið. Var því dustað rykið af hinum gömlu teikningunum og þær sendar til Ítalíu. Fljótlega kom tilboð frá fyrirtækinu Álfaborg ehf. sem fól í sér tvennskonar marmara, Statuario Venato og Bianco Carrara.

Að höfðu samráði við fagmenn í marmaravinnslu sem töldu Venato marmarann hafa yfirburði hvað varðaði gæði svo og okkar mat á glæsileika efnisins var ákveðið að taka tilboði fyrirtækisins um marmarasúlur af gerðinni Statuario Venato.

Voru þær síðan að öllu leiti unnar á Ítalíu og komu til landsins í þremur hlutum hvor súla og síðan límdar saman á staðnum. Þessu verki lauk á haustdögum 2006. Var því hægt að fagna tíu ára afmæli hússins að Ljósatröð með glæsilegum inngangi.

Jóhannes Harry Einarsson

Alfa Romeo 159

„Fallegasti bíll í heimi“



Pegar Ítalir hanna bíla breyta þeir draumi í veruleika. Þess vegna hefur Alfa Romeo 159 verið kallaður „fallegasti bíll í heimi“ af virtum bílagagnrýnendum.

Áreiðanleiki og aksturseginnleikar hafa einnig hlotið mikið lof gagnrýnenda, enda kemst enginn langt á útlitinu einu saman.

Komdu því og kíktu undir húddið, prófaðu ólýsanlega aksturseginnleika ogaktu burt á fallegasta bíl í heimi.

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati



DUCATI



SAGA

Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

OPIÐ

virka daga 9.15-16.00
Digranesgata 2

HRAÐBANKAR SPM

- Hyrnan
- Hyrnutorg
- Digranesgata 2
- Viðskiptaháskólinn Bifröst



SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU - HORNSTEINN Í HÉRAÐI

Digranesgata 2 • 310 Borgarnes • Sími 430 7500 • Fax 430 7501 • spm@spm.is • www.spm.is

Íslenskt handverk
efnismiklir og vandaðir hringar
smíðaðir af Ívari Björnssyni,

*láttu sjá þig
við tökum vel á móti þér!*

Áttundu gráðu hringur



Frimúrarahringurinn



hver hringur
er númeraður
og skráður

bjóðum alla gull og silfursmíði,
sérsmíði, leturgröft
og viðgerðir.

Gull & Demantar
IVAR BJÖRNSSON
GULLSMÍÐUR OG LETURGRAFARI
skólavörðustíg 2 - sími 562 2222 & 551 1290 - fax 562 2282



Frímúrarareglan svarið við áreiti nútímans

- Rætt við Val Valsson Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi

Hinn 20. október í fyrra urðu Stórmeistaraskipti í Frímúrarareglunni á Íslandi. Sigurður Örn Einarsson lét þá af embætti eftir einstaklega farsælan feril og við embættinu tók Valur Valsson fyrrverandi bankastjóri. Valur á ekki langt að sækja áhuga á Reglunni og störf innan hennar. Faðir hans, Valur Gíslason, leikari starfaði mikið innan reglunnar og var um tíma Stólmeistari St.: Jóh.: Mímis og var hann annar meðmælenda sonar síns þegar hann gekk í Regluna, rúmlega þrítugur að aldri. Hinn meðmæl-

andinn var mágur Vals, Ingimundur Sigfússon.

Það er sitthvað að verða frímúrari eða vera frímúrari. Valur Valsson segist strax hafa heillast af starfinu í Reglunni, verið áhugasamur og iðinn við að mæta á fundi. Fljótlega eftir að hann gekk í Regluna tók hann við embættisstarfi í Mími og síðar var honum falið það vandasama hlutverk að vinna að stofnun St. Jóhannesarstúku. Það var St.: Jóh.: Fjölpir og varð Valur fyrsti stólmeistari hennar. Er hann lét af því embætti tók

hann við embættum í Landsstúkunni og var síðast Hersir Stórmeistarans áður en hann var kjörinn Stórmeistari Reglunnar.

Hin félagslega uppbygging Frímúrarareglunnar er, eins og flestir vita, þannig að Stórmeistari hennar hefur mikil völd og því mikilvægt að sá sem velst til þess að gegna embættinu hafi í senn mikla þekkingu á markmiðum hennar, fræðum og kennisetningum og jafnframt reynslu og kunnáttu í stjórnun. Allt þetta hefur Valur Valsson til að bera í rík-



Hestamennskan er eitt af áhugamálum Vals og fjölskyldu hans. Því þótti tilvalið að ljósmyndari Frímúrarans heimsækti hann í sveitina og smelli þar af honum myndum í því umhverfi sem honum er kært.

um mæli og því óhætt að fullyrða að Reglan er í góðum höndum undir hans stjórn, ekki síður en hún hefur verið hjá forverum hans, en segja má að einn mikilvægasti þátturinn í öfluggu Frímúrarastarfi á Íslandi er hversu óumdeildir og mikilhæfir æðstu stjórnendur þess hafa verið allt frá upphafi.

Valur er Reykvíkingur í húð og hár. Nánar tiltekið Vesturbæingur þar sem hann fæddist og ólst upp á Reynimelnum en þar átti hann heima hjá foreldrum sínum fram á þrítugsaldurinn. Að honum standa miklar listamannsættir. Faðir hans, Valur Gíslason, var um áratugaskeið einn fremsti og mesti leikari Íslendinga og lék hvert stórhlutverkið af öðru, fyrst hjá Leikfélagi Reykjavíkur og síðan í Þjóðleikhúsinu. Var hann ógleymanlegur öllum þeim sem fylgdust með honum sem listamanni. Móðir Vals Valssonar var Laufey Árnadóttir, en faðir hennar var Árni Eiríksson kaupmaður og leikari. Var Árni einn frumkvöðla að stofnun Leikfélags Reykjavíkur og markaði djúpstæð spor í leiklistarsögu Íslendinga.

Leiklistin aðeins eðlilegur þáttur daglegs lífs

Leiklistin var því snar og eðlilegur þáttur í lífi Vals Valssonar þegar hann var að alast upp.

„Fyrir mér var leiklistin aðeins eðlilegur þáttur í hinu daglega lífi,“ segir Valur þegar hann er spurður að því hvernig það hafi verið að alast upp á heimili þar sem hún skipaði svo veglegan sess. „Ég man meðal annars eftir því að þegar ég var sex ára árið 1950, þá fylgdist ég með fyrstu aðalæfingunni í Þjóðleikhúsinu og áður hafði ég og systir mín oft sinnis farið á sýningar í Iðnó. Faðir minn hafði mikinn samgang við aðra leikara og þeir komu oft í heimsókn til okkar á Reynimelinn. Ég varð var við það að félögum mínum og nágrönnum fannst það dálítið merkilegt þegar „Spaugstofumenn“ þeirra tíma, eins og Brynjólfur Jóhannesson, Haraldur Á. Sigurðsson, Alfreð Andrésón og fleiri þjóðþekktir menn voru að koma til okkar í heimsókn.“

Valur var spurður að því hvort það hefði ekki freistað hans að fara sömu braut í lífinu og faðir hans og afi og gerast leikari.

„Sem krakki tók ég þátt í nokkrum

útvarpsleikritum og tvisvar sinnum kom ég fram í sýningum í Þjóðleikhúsinu. Ég var ekki beðinn um að koma þangað aftur og ætli það segi ekki sína sögu,“ segir hann og brosir við.

Bankastörf eftir háskólanámið

Segja má að á yngri árum hafi Valur Valsson gengið hina hefðbundnu menntabraut. Hann lauk landsprófi og fór síðan í Menntaskólann í Reykjavík og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1964. Síðan hóf hann nám í viðskiptadeild Háskóla Íslands og útskrifaðist viðskiptafræðingur árið 1970. Síðan hófst þátttaka hans í atvinnulífinu er hann var ráðinn til starfa í Iðnaðarbankanum og urðu bankastörf aðalstarfsvettvangur hans alla tíð síðan.

„Þegar ég hóf störf í Iðnaðarbankanum var bankaumhverfið aldeilis annað en það er núna,“ segir Valur. „Í fyrstu var aðalverkefni mitt í bankanum að setja á stofn það sem kallað var hagdeild. Þá voru bankarnir að byrja á því að greina ársreikninga fyrirtækja og afla meiri upplýsinga um rekstur þeirra og áætlanir en áður hafði verið. Síðan þróaðist starf mitt meira út í almenn stjórnun-

arstörf og ég varð síðan aðstoðarbankastjóri og sinnti aðallega rekstri bankans fram til ársins 1979 að ég söðlaði um og gerðist framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda. Það var mjög fjölbreytt og gefandi starf. Þeirri stöðu gegndi ég til ársins 1983 en þá var ég beðinn að koma aftur í Iðnaðarbankann. Vinur minn þar og félagi Pétur Sæmundsen bankastjóri lést það ár og var ég beðinn um að taka við stöðu hans hjá bankanum.“

Valur rifjar það upp hvernig var að vera bankastjóri á þessum tíma:

„Þá var það aðalstarf bankastjóranna að lána peninga. Og þeir voru af skornum skammti. Starfsumhverfið var niðurnjörvað og það var hægt að tala um hreina ofstjórn stjórnvalda. Það varð hlutverk bankastjóranna að vera einskonar skömmunarstjórar og ég hika ekki við að segja að það hlutskipti var í raun ömurlegt. Ekki síst vegna þess að það niðurlægði viðskiptavinina. Þeir urðu að leita til bankastjóranna sem gátu sjaldnast veitt þeim þá fyrirgreiðslu sem þeir þurftu. Ekki vegna þess að þeir vildu ekki aðstoða heldur vegna þess að þeir gátu það ekki. Mér fannst oft erfitt að vera í þessu skömmunarstjórahlutverki. Að geta ekki aðstoðað fólk sem augljóslega þurfti þess með og maður vissi að væri borgunarfólk og myndi standa fullkomlega í skilum.“

Þegar hömlurnar losnuðu sköpuðust ný tækifæri

En á árunum 1985 – 1990 urðu mikil umskipti í íslenskum bankamálum. Löggjöf um starfsemi banka var breytt og bankar sameinuðust.

„Það var vonum seinna sem losað var um hömlurnar,“ segir Valur. „Það gerðist ekki fyrr en sparifé landsmanna var nánast brunnið upp í verðbólgunni. Þá var sett á verðtrygging og í framhaldi af því opnuðust augu manna fyrir því að kerfið hafði gengið sér til húðar og gat ekki átt framtíð fyrir sér. Það yrði að finna aðrar leiðir en þær sem verið höfðu við lýði í áratugi. Það var þó ekki fyrr en á níunda áratugnum sem farið var að breyta löggjöfinni um bankana og auka frelsi þeirra og úr því má segja að þróunin hafi orðið



hröð. Það gerðist mikið á skömmum tíma á árunum frá 1985 til 1990. Þá stóðu bankarnir skyndilega frammi fyrir því að þurfa að standa á eigin fótum og spjara sig án afskipta stjórnvalda og það hafði í för með sér að þá þurfti að fara að hagræða og leita nýrra leiða í rekstri sem m.a. varð til þess að farið var að huga að

eflingu þeirra með sameiningum.“

Stofnun Íslandsbanka með sameiningu fjögurra banka var flókið mál sem Valur stjórnaði að miklu leyti. Síðar var Fjárfestingabanki atvinnulífsins sameinaður honum. Úr varð mjög öflugur banki sem nú heitir Glitnir.

Valur var bankastjóri Íslands-



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímarr Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugufrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Viðskiptahúsið

MIDLUN • RÁÐGGJÖF • FJÁRMÖGNUN

Alþjóðleg eignamiðlun



Fasteignasvið

- Atvinnuhúsnæði
- Byggingareitir
- Jarðir og lóðir
- Íbúðarhúsnæði
- Fasteignir erlendis



Sjávarútvegsvið

- Skip og bátar innanlands
- Skip erlendis
- Aflaheimildir innanlands
- Aflaheimildir erlendis
- Ráðgjöf • Fjármögnun



Fyrirtækjasvið

- Fyrirtæki
- Rekstrareiningar
- Samruni
- Ráðgjöf
- Fjármögnun



Jón Sigfús Sigurjónsson Hdl.
Lögg, fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali
GSM: 893 3003
jon@vidskiptahusid.is



Þórir Matthíasson
Deildarstjóri
GSM: 691 4005
tm@vidskiptahusid.is

banka í þrettán ár, eða frá stofnun hans árið 1989. Það vakti hins vegar töluverða athygli þegar hann ákvað að segja starfi sínu lausu og hætta leik þá hæst bar, enn á góðum aldri. Hann var spurður hvað hefði ráðið þessari ákvörðun hans.

„Ég var búinn að vinna í 30 ár í bankanum og þar af 20 ár sem bankastjóri. Mér fannst tímabært að standa upp. Ég vildi hins vegar ljúka þeim stóru verkefnum sem verið var að vinna að innan bankans. Þegar séð var fyrir endann á þeim og allt gekk vel fannst mér ég vera búinn að sinna hlutverki mínu. Það voru komnir nýj-ir tíma og eðlilegt að aðrir tækju við. Jafnframt gafst mér þá færi á að sinna betur fjölskyldu minni og áhugamálum okkar en þar er hestamennska efst á blaði.“

Nú er mál til komið að víkja að þátttöku Vals Valssonar í Frímúra-reglunni, en henni kynntist hann fyrst í gegnum þátttöku föður síns.

„Það liggur ekkert á!“

„Mér er enn í fersku minni þegar faðir minn gekk í Regluna,“ segir Valur. „Þá var ég níu ára. Ég man þegar þeir Gunnar og Víglundur Möller, samstarfsmenn og veiðifélagar föður míns komu til þess að sækja hann. Síðan hugsaði ég ekki mikið um frímúrarastarfið í langan tíma en fylgdist þó alltaf með pabba þegar hann var að fara á fundi. Ég vissi að hann gegndi embættum í Reglunni og man eftir því þegar hann sat við og var að semja ræður sem hann flutti á fundum. Ég var orðinn full-orðinn maður þegar ég fór að inna hann eftir reglustarfinu og sýndi áhuga á því að að ganga í Regluna. „Það liggur ekkert á,“ svaraði hann jafnan og ég fann það á honum að hann taldi að það sakaði ekki að menn væru búnir að koma sér fyrir í lífinu áður en þeir gengju í Regluna. Þetta varð til þess að ég gekk ekki inn fyrir en ég var orðinn þritugur.“

Valur segist nánast ekkert hafa vitað um starf Reglunnar þegar hann gekk í hana. „Ég var búinn að spyrja, en hafði ekki fengið mikil svör. Það sem mér fannst fyrst og fremst áhugavert við Regluna voru mennirnir sem ég vissi að voru í henni. En strax eftir inngönguna öðlaðist ég



nýja sýn á frímúrarahugsjónina og starf Reglunnar. Ég get orðað það þannig að dýptin í þeirri hugsun sem að baki býr hafi höfðað til mín. Formfesta og síðir Reglunnar áttu strax vel við mig. Auðvitað tók það nokkurn tíma fyrir mig, eins og alla aðra, að staðsetja mig í hinu félagslega starfi Reglunnar og finna hvar áhuginn lá. Allt frá upphafi var það mér líka mikils virði að kynnst nýjum mönnum og finna hversu sterk og mikil tengsl voru milli bræðranna og vera strax tekinn í þeirra hóp.“

Valur segir að hann hafi fljótt orðið virkur í starfinu í Mími. „Ég var beðinn um að vera vararæðumeistari en ræðumeistari stúkunnar var þá Baldvin Þ. Kristjánsson. En svo þróuðust mál þannig að á tiltölulega skömmum tíma varð ég ræðumeistari stúkunnar. Ég hef stundum sagt það í gamni að upphefð mín í því embætti var mikil að því leyti að minn 1. varamaður var enginn annar en dómkirkjupresturinn í Reykjavík, séra Þórir Stephensen og hafa varla aðrir haft slíkan varamann.“

Stofnun nýrrar stúku var mikið verkefni

Síðan kom að því að Vali var fengið nýtt og mikið verkefni innan Frímúrarareglunnar.

„Það var snemma árs 1985 að Stórmeistari Reglunnar, Gunnar Möller, boðaði mig á sinn fund og greindi mér frá því að hann hefði ákveðið að stofna nýja Jóhannesarstúku í Reykjavík. Hann spurði mig að því

hvort ég væri tilbúinn til þess að leiða það verk og verða fyrsti stólmeistari þessarar nýju stúku. Það kom hik á mig. Á þessum tíma var mjög mikið að gera í vinnunni hjá mér og ég vissi sem var að undirbúningur og stofnun nýrrar stúku myndi vera mikið verk. Ég bað Gunnar um umhugsunarfrest í nokkra daga. Niðurstaðan mín var sú að þarna væri um svo mikið og spennandi verkefni að ræða að það gæti verið ómetanlegt að takast á við það. Ég hitti svo Gunnar nokkrum dögum sínar og sagði að ef hann vildi skyldi ég taka þetta verkefni að mér en ég gæti hins vegar ekki gert það á þeim tíma sem hann hafði ætlað til þess. Það gæti ekki orðið fyrr en um tveimur árum síðar vegna anna í starfi mínu. Á þetta féllst Gunnar og þar með hófst undirbúningurinn að stofnun Fjölnis.“

Valur segir að mikið starf hefði legið að baki stofnun stúkunnar.

„Ég byrjaði á því að velja mér nokkra menn til samstarfs og vil í því sambandi sérstaklega nefna Guðna Jónsson sem síðar tók við af mér sem stólmeistari stúkunnar. Það auðveldaði verulega undirbúninginn að stofnun stúkunnar að stólmeistarar annarra St. Jóhannesarstúkna sýndu málinu mikinn skilning, velvilja og áhuga og aðstoðuðu við allt sem í þeirra valdi stóð. Stofnfélagar Fjölnis voru flestir úr Mími en komu einnig úr öðrum stúkum. Þeir voru 39 talsins.“

Valur var stólmeistari Fjölnis fram til ársins 1990.

„Þá var ég búinn að starfa sem stólmeistari í þrjú ár, auk þeirra tveggja ára sem fóru í undirbúning stofnunarinnar og fannst því tímaþætt að víkja til hliðar. Um hlé á starfinu varð þó ekki að ræða þar sem ég var beðinn um að taka að mér embætti hjá Landsstúkunni eftir að stólmeistarastarfinu lauk. Varð fyrst yngri stórstólvröður og síðan regluféhirðir, Dróttseti og Hersir uns ég tók svo við Stórmeistaraembættinu 20. október 2007.“

Mikil ábyrgð að varðveita dýrgripinn

Valur var spurður að því hvort það hefði ekki verið stórt skref að stíga að taka það embætti að sér.

„Jú,“ svarar hann. „Það er gríðarlega mikið verkefni að taka það að sér að vera Stórmeistari Frímúrara-reglunnar á Íslandi. Maður tekur það ekki umhugsunarlaust að sér. Ég geri mér líka grein fyrir því að það er ekki auðvelt að feta í fótspor fyrirrennara

minna. Þeir voru mjög farsælir leiðtogar, miklir bræður bræðra sinna og undir þeirra forystu gekk Reglan einstaklega vel. Við slíkar aðstæður finnst manni verkefnið verða enn stærra en ella. Það þarf ekki aðeins að viðhalda því sem vel hefur verið gert heldur þarf að leggja af mörkum til framtíðarinnar. Reglan er dýrgripur og ég finn til mikillar ábyrgðar að hafa verið kjörinn til að varðveita hann.“

Þessu næst er talinu vikið að ásýnd Reglunnar út á við. Í Stórmeistaratið Sigurðar Arnar varð þar á töluverð breyting. Ef svo má að orði komast þá opnaði hann Regluna meira en verið hafði.

„Ég tel að þetta hafi verið afar skynsamleg ákvörðun, tímabær og í samræmi við það sem er að gerast almennt í þjóðfélaginu,“ segir Valur. „Hún átti örugglega sinn þátt í því að Reglan situr á friðarstóli. Hún hefur ekki verið að amast við öðrum og aðrir hafa ekki amast við henni. Svo hefur raunar verið hér á Íslandi í langan

tíma og orðið til þess að Reglan hefur getað starfað í friði að sínum góðu málum. Upplýsingasamfélag nútímans gerir kröfur til þess að ýmislegt sé aðgengilegra og opnara en áður var og hið sama gildir um Frímúrara-regluna. Meginmarkmið hennar er ekkert leyndarmál og frá því getum við greint alveg hiklaust. Ég tel að við eigum að halda áfram að skýra umhverfinu frá því hverjir við erum og að hverju við keppum þótt aðferðafræðinni höldum við fyrir sjálfa okkur, enda felst grundvöllur hins félagslega innra starfs í henni. Ég mun að þessu leyti starfa í svipuðum anda og Sigurður Örn gerði.“

Þörf á árvekni og að vera í takt við þjóðfélagsþróunina

Alkunna er að í þjóðfélaginu hafa orðið miklar breytingar í félagslegu starfi á síðustu áratugum. Almennt er talað um félagslega deyfð eða að þátttaka í félagslífi hafi vikið fyrir ýmsu öðru sem á boðstólum er. Mörg



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa

nashuatec

Gæðatæki á verði sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu rekstrarkostnaðinn með nýrri vél frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is

félög hafa ekki náð að endurnýja sig og átt í erfiðleikum með að halda uppi starfi sínu. Það hefur ekki átt við Frímúrararegluna en mikil aðsókn hefur verið að henni og kraftur í starfinu. Hver ætli sé ástæðan?

„Félagar í Frímúrarareglunni á Íslandi eru nú rúmlega eitt prósent þjóðarinnar,“ segir Valur. „Ég veit ekki um neitt land þar sem Reglan er hlutfallslega jafn fjölmenn. Ég hef velt því fyrir mér hver sé ástæða þessa og erlendir frímúrarar spyrja þeirrar spurningar oft. Skýringarnar kunna að vera margar en Frímúrarareglan höfðar sterkt til Íslendinga. Það er eitthvað í starfi hennar og markmiðum sem hefur alla tíð átt sér sterkan samhljóm við eðliseinkunn Íslendinga. Hér hófst frímúrarastarf miklu síðar en á öðrum Norðurlöndunum en þegar Íslendingar tóku loks við sér þá gerðu þeir það af áhuga og krafti. Stóra spurningin er vitanlega sú, hvort svo verði einnig í framtíðinni. Það er rétt að tíðarandinn núna hvetur ekki til félagsstarfa og mörg félög eiga í erfiðleikum. Það er svo margt annað í boði, allskonar afþreying sem menn þurfa ekki að hafa mikið fyrir að nálgast og geta látið sér lynda að taka bara á móti en láta lítið í staðinn.“

Það vakti athygli þegar Valur Valsson hélt innsetningarræðu sína sem Stórmeistari Frímúrarareglunnar þá gerði hann félagsstarf hennar að umræðuefni og ræddi m.a. um nauðsyn þess að það ætti samhljóm við það sem er að gerast í þjóðfélaginu og yrði að forðast skörun við fjölskyldulíf bræðranna. Hvað átti hann við með þessu?

„Fyrst og fremst þær þjóðfélagslegu breytingar sem ég vék að áður. Við þurfum að vera vakandi fyrir því að breytingarnar kunna að hafa áhrif hjá okkur og vera tilbúnir að aðlaga okkur að þeim. Ég nefndi stóraukið framboð á allskonar afþreyingu en það má heldur ekki líta fram hjá þeirri staðreynd að samfélagslegar kröfur eru aðrar en áður. Kröfur um aukinn tíma með fjölskyldu sinni hafa aukist. Við þurfum að haga starfi Reglunnar þannig að það rekist eins lítið á við fjölskyldulíf bræðranna og mögulegt er. Reglan hefur reyndar þegar hugsað fyrir slíku. Það er ekki



svo langt síðan að Reglufundir voru oft á laugardögum en nú heyrja slíkir fundir til algjörRAR undantekninga. Nær allt starfið hefur verið fært yfir á virka daga. Það er tvímælalaust mikil framför en það þarf að hyggja að fleiru.“

Að undanförmu hafa staðið yfir miklar framkvæmdir við Frímúrarahúsið. Valur var spurður að því hvernig þær hefðu gengið og hvort fyrir lægju áform um breytingar eða stækkun húsnæðis Reglunnar í Reykjavík.

„Framkvæmdum við utanhúsklæðningu Regluheimilisins er lokið og þar gekk allt eftir áætlun. Þetta var dýr framkvæmd en húsið er miklu fallelgra fyrir vikið og viðhald verður væntanlega mun minna á komandi árum. Því er ekki að leyna að þessi framkvæmd var orðin mjög svo tímabær þar sem húsið lá undir skemmdum. Það mun taka okkur nokkurn tíma að jafna okkur fjárhagslega eftir þessa framkvæmd. Á þessu stigi eru ekki nein áform um breytingar eða stækkun á húsnæðinu en við höfum gengið frá því að við höfum rétt til byggingaframkvæmda á þeirri lóð þar sem er núverandi bílastæði en sú lóð er í eigu Reglunnar.

Þar eigum við byggingarétt á tveimur byggingum sem tengdar yrðu saman á ákveðinn hátt. En byggingaréttinum fylgja vitanlega kröfur um aukin bílastæði sem yrðu þá væntanlega að vera í sérstökum bílakjallara. Þarna er um að ræða framtíðarmúsik, ef svo má að orði komast. Nú hugsum við fyrst og fremst um það sem við höfum og því að reyna að halda húsinu okkar sem allra best við.“

Og að lokum. Það er oft spurt að því hvort Frímúrarareglan hafi hlutverk í nútímasamfélagi. Er þetta ekki bara gamaldags félagskapur og viðhorf og gildi sem heyrja til gamalli tíð?

„Mér finnst í raun að Reglan hafi aldrei haft meira hlutverk eða getað gert meira gagn en einmitt núna. Í nútímanum er áreitið á menn svo mikið að þeir eiga í vök að verjast að vera manneskjur. Ég veit ekki um neinn félagsskap sem getur hjálpað mönnum meira til þess að vera það en einmitt Frímúrarareglan. Og fyrir hvern þann sem vill ekki láta undan þessu áreiti og hætta að vera manneskja er Frímúrarareglan góð lausn.“

Viðtal: Steinar J. Lúðvíksson
Ljósmyndir: Ómar Óskarsson

FRÍSKIR FÆTUR ERU UNDIRSTAÐA ÁRANGURS...
LÁTTU EKKI FÚNA FÆTUR SKEMMA GOLFIÐ Í SUMAR.

RAKAKREM
MYKJANDI KREM FYRIR ÞURRAR FÆTUR
SKÓSPREY

Scholl

FALLEGR OG FRÍSKIR FÆTUR MED SCHOLL

Veitingahúsið
Lauga-ás
Stofnað 1979

*Velkomin
í Lauga-ás*

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

...allt gott!

SPVF
SPARISJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Umburðarlyndi og náungakærleikur

Predikun Sigurðar Arnar Einarssonar í Grafarvogskirkju 13. janúar 2008

Þegar séra Vigfús Þór Árnason fór þess á leit við mig að ég stígi hér í stól í dag, fannst mér ég ekki vera í stakk búinn til þess og færðist undan. Ég hef reyndar oft rætt um að það sé skylda sérhvers kristins manns að sinna kirkju sinni og kirkjulegu starfi, bæði með þátttöku í safnaðarstarfinu svo og með kirkjusókn, svo við nánari íhugun fannst mér það vera skylda mín sem örlítið þakklæti fyrir það sem kirkjan og hann hafa gert fyrir mig að verða við þessari beiðni.

Mig langar til að hefja mál mitt á því að ræða um það sem mér finnst kristnir menn þurfi að láta í sér heyra um. Það er öll sú umræða sem orðið hefur varðandi þá ákvörðun að afmá orðin „kristið siðferði“ úr námskrá framhaldskóla-anna, að ekki megi kenna biblíu-sögur svo og að ekki megi fara í kirkju á skólatíma. Ég get ekki annað en verið hjartanlega ósammála þessari ákvörðun. Þetta ku vera gert vegna reglna frá Evrópusambandinu. Mér finnst að kristin þjóð eins og við Íslendingar erum, eigi að leggja áherslu á kristið siðferði. Ég er ekki í þessu sambandi að segja að siðferði almennt sé verra ef það hefur ekki orðið kristið tengt því. Við eigum að berjast af alefli gegn þessari þróun. Við erum kristin þjóð í kristnu landi með aldagamlar hefðir sem hafa skapast af okkar kristnu trú og kristna siðferði. Við megum ekki kasta þessu frá okkur vegna einhverra reglna sem settar eru úti í heimi. Ég er ekki með þessu að segja að við eigum að lítilsvirða minnihlutahópa. Þvert á móti. En þeir eiga jafnframt að viðurkenna rétt okkar til að viðhalda því sem er okkur dýrmætt. Við eigum að sjálfsögðu að sýna öðrum umburðarlyndi, en það þarf að vera gagnkvæmt. Í Bandaríkjunum hefur þetta umburðarlyndi gengið svo langt að ekki má lengur í opinberum tilkynningum nefna orðið „Christmas“, heldur verður að kalla jólin „Holydays“. Mjög margir hafa sagt með sjálfum sér: „Þetta gengur ekki“, en hafa jafnframt látið þar staðar numið. Ég er því sammála að það er óþarfi að vera með einhver læti, en það er



Sigurður Örn Einarsson fyrrverandi SMR

hættulegt að láta umburðarlyndiö ganga svo langt að maður láti valta yfir sig. Það er skylda okkar allra að láta í okkur heyra.

Þegar talað er um umburðarlyndi kemur í hugann náungakærleikur og nauðsyn þess að virða þá sem við umgöngumst. Við megum ekki dæma aðra of fljótt og án þess að vita staðreyndir. Ég má til með að segja ykkur frá tilviki sem ég veit að er satt. Það var maður að koma heim til sín að kvöldlagi og keyra inn í bílageymslu sína þegar hann kemur auga á mann sem liggur þar og er að reyna að komast á fætur. Þetta var núna í desember í rigningu og kulda. Maðurinn virtist illa klæddur aðeins í einni skyrtu. „Hann er fullur, best að skipta sér ekki af þessu“, hugsaði maðurinn sem var að koma heim en við nánari umhugsun ákvað hann að rétt væri að sjá hvort hægt væri að hjálpa

manninum. Hann stoppaði bílinn, gekk til mannsins og segir við hann eitthvað á þá leið að nú hafi hann fengið sér of mikið neðan í því. Það varð fátt um svör en samt hristi maðurinn höfuðið til merkis um að svo væri ekki. Með aðstoð stúlku sem kom aðvífandi á sama tíma reistu þau manninn við en hann gat ekki gert sig skiljanlegan. Þegar maðurinn var staðinn upp lyfti hann upp skyrtunni og kom þá í ljós merki sem hann bar um hálsinn. Á því stóð hvað hann hét, að hann væri Parkinson sjúklingur og hvar hann byggi. Bíleigandinn tók manninn í bílinn sinn og keyrði hann heim þar sem tekið var á móti honum. Eftir á var hann að sjálfsögðu mjög glaður yfir að hafa getað orðið að liði en jafnframt kenndi þetta honum að dæma ekki fyrirfram. En hvort sem maðurinn var sjúkur eða drukkin var þörf á að hjálpa honum.

Ég heyrði nýlega aðra frásögn sem mig langar að deila með ykkur.

Ungur maður í Bandaríkjunum var kallaður í herinn. Hann var af vel efnaðri fjölskyldu sem hafði það gott og leið ekki skort. Hann lenti í bardaga og var tilkynntur látinn. Þetta var að sjálfsögðu mikil harmafreign foreldrum hans sem syrgðu hann mjög.

Svo er það einn dag að síminn hringir hjá móður hans og rödd í símanum segir. „Mamma. Ég er í Kaliforníu og gæti væntanlega komið heim eftir einn eða tvo daga.“ Móðir hans var að sjálfsgöðu ákaflega glöð og kvaðst hlakka til að fá hann heim. En svo segir hann. „En má ég koma með vin minn með mér.“ „Já, það er sjálfsgætt“, segir mamma hans. „Hann getur verið hjá okkur í nokkra daga.“ „En – mamma“, segir ungi maðurinn. „Hann hefur misst aðra höndina. Er það í lagi?“ „Já, það er í lagi“, segir mamma hans. Þá segir ungi maðurinn: „Hann hefur aðeins einn fót, er mjög skaddaður í andlitinu og er bundinn við hjólastól.“ Það verður smáhlé, og mamma hans segist þurfa að skoða þetta svoltið og ræða við pabba hans. Þá verður stutt hlé og svo er síminn lagður á á hinum endanum og móðir hans náði ekki í hann aftur. Næsta dag hringir síminn og er það frá lögreglunni í Kaliforníu sem tilkynnir að sonur hennar, sem hafi verið mjög illa farinn, eftir að hafa særst í stríðsátökum, hafi látist af eigin völdum.

Ég komst við þegar ég heyrði þessa frásögn og hef mikið hugsað um á hvern hátt við umgöngumst hvert annað og þá ekki síst á hvern hátt við umgöngumst náunga okkar. Sýnum við honum þá virðingu, vináttu og kærleika sem honum ber? Stærstur hluti lífs okkar fer í að sinna hversdagslífinu, sem svo er kallað. Mest af tímanum fer í baráttuna fyrir nauðurfutum og því miður alltof oft ein-kennist sú barátta af því að vera ekki fyllilega sáttur við tilveruna og samfélagið á hverjum tíma. Við þeytumst út og suður í leit að lífsins gæðum oft án þess að gæta þess að hafa hamingjuna í för og vanrækjum að láta neista okkar loga sem skærast og dreifa geislum sínum í samúð, skilningi og kærleika til náungans. Fremsta skylda við okkur sjálf og náungann er að leita ljóss og sannleika, gófga hugarfar okkar, fága framkomu okkar, forðast lesti og keppa að þroska og framför. Við séum orðvör og orðheldin, hreinskilin, grandvör og hófsöm. Gaman okkar sé græskulaust, svo það valdi ekki öðrum óþægindum eða skerði almennt velsæmi. Gerum við okkur ekki alltof oft sek um það að vera tillitslaus og óbilgjörn og láta eins og við séum þau einu sem vitum allt best og réttast? Er ekki þannig að okkur brestur langlundargeð í garð náungans? En eitt er víst, að Guð hefur mikið langlundargeð í okkar garð, en það er mikilvægt að við ofbjóðum ekki því langlundargeði. Þess vegna bendi ég ykkur á náungakærleikann og þar með hvernig við getum á sem bestan hátt látið eitthvað gott af okkur leiða gagnvart náunga okkar. Í þessu sambandi á svo sannarlega við „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður svo skulið þér og þeim gjöra.“

Annað sem ég vildi leggja áherslu á er að við tökum svo margt í lífinu sem sjálfsgöðum hlut. Það er ekkert sjálfsgætt í þessu lífi. Okkur ber að þakka Guði fyrir það sem er í kringum okkur. Fyrir fólkið okkar, fyrir vini okkar, fyrir samstarfsfólk og samferðafólk okkar. Það er svo margt að þakka fyrir en það er jafnframt augljóst að við getum eyðilagt margt í lífi okkar og kringum okkur með óskynsamlegu líferni. Þarna má til dæmis benda á hvernig við umgöngumst landið okkar. Þess vegna, kæru kirkjugestir, biðjum fyrir landi okkar og þjóð og að líf okkar megi vera Drottni Guði til dýrðar.

Ég geri ráð fyrir að hér í dag sé nokkur hópur væntanlegra fermingarbarna. Ég vildi aðeins segja við ykkur, kæru vinir. Hafið þið gert upp hug ykkar gagnvart því þegar pesturinn ykkar spyr: „Viltu leitast að hafa Jesú Krist að leiðtoga lífs þíns?“ Það er mikilsvert að þið séuð viðbúin og ég vona að svar ykkar sé játandi. Ég minni ykkur á orð Jesú: „Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig mun aldrei að eilífu deyja.“ Þetta er eitthvert stórkostlegasta fyrirheit sem okkur hefur verið gefið og staðfesting á að það er líf eftir þetta líf. Þess vegna segi ég við þig sem á mig hlýðir. „Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.“ Þessu loforði er okkur óhætt að treysta. En mér finnst samt sem áður að það tákni ekki það að við getum hagað okkur eins og okkur sýnist. Að sjálfsgöðu skulum við hafa boðorð hans í huga og halda þau í heiðri.

Kæru kirkjugestir. Guð er ekki aðeins hér í kirkjunni heldur allt í kringum okkur, alltaf. Hefur þú farið til fundar við hann? Þetta er boðskapurinn sem ég vildi ljúka orðum mínum á og minna ykkur á. Guð blessi ykkur öll.

Nýkjörinn stólmeistari St.Andrésarstúkunnar Heklu



Halldór Jóhannsson

Br. Halldór Jóhannsson tók við embætti Stm. St. Andr. st. Heklu 7. apríl 2008 af br. Kristjáni Þórðarsyni, stofnanda og fyrsta Stm. stúkunnar.

Br. Halldór er fæddur 9. maí 1948. Hann lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands 1969 og Dipl.-Ing. prófi í rafmagnsverkfræði frá Technische Universität í Karlsruhe 1976. 1976 - 2006 starfaði hann sem framkvæmdastjóri og síðast sem aðaleigandi í

heildversluninni Reykjafell hf.. Halldór hefur á undanförunum árum setið í stjórnnum fyrirtækja og ráðum tengdum rafmagnsöryggismálum auk þess að sinna ýmsum sérverkefnum á sviði raforkumála og orku-dreifingar. Síðustu árin hefur Halldór ásamt konu sinni einnig sinnt nytjaskógrækt á eigin jörð í Dalabyggð af miklu kappi og verið stórtækur í þeim efnum. Halldór er giftur Nínu Björgu Ragnarsdóttur og eiga þau þrjár dætur.

Br. Halldór gekk í St. Jóh. St. Mími 1.12.1986 og gengdi þar starfi RM 1989 - 1991. Allt frá inngöngu sína í St. Andr. st. Helgafell gengdi hann ýmsum störfum í þeirri stúku, m.a. starfi R. 1994 - 1995 og starfi Y.Stv.1995 - 2001. Halldór er einn af stofnendum St. Andr. st. HEKLU og gengdi starfi 1.Vm. allt frá stofnun stúkunnar 20.02.2002 og til þess að hann var kjörinn Stm.



Þrjár þjóðir og fjögur trúfélög skópu grundvöll fjölþætts samfélags. Sibiu/Hermannstadt eins og hún er í dag.

Menningarsöguleg afrek frímúrara í Austur-Evrópu á 18. öld

Nú, þegar Rúmenía er nýgengin í Evrópubandalagið, beinast augu manna að borg þar í landi sem heitir Sibiu. Hún er ásamt Amsterdam útnefnd evrópsk menningarborg árið 2007. Hér á eftir fer endursögn á grein í austurríska blaðinu „Die Presse“ hinn 5. janúar 2007. Höfundurinn er Lisa Fischer.

Hinn stórfallegi gamli borgarkjarni er ekki það eina sem gerir hina fögru perlu Karpatafjallanna, Sibiu, verðuga menningarborg Evrópu 2007. Það er miklu fremur saga hennar frá blómaskeiði upplýsingastefnunnar á 18. öld sem gerir hana beinlínis útvalda í þessum skilningi. Á þeim tíma hét Sibiu Hermannstadt og með framþróun á sviði efnahags, vísinda og menningar, átti þessi út-vörður Evrópu dágóðan hluta í nútímavæðingu álfunnar.

Siebenbürgen er svæði þar sem þýskir innflytjendur settust að á 12. öld., og var þetta svæði austasta hér- að heimsveldis Habsborgara eftir 1691 þegar Tyrkir höfðu verið sigraðir. Það tilheyrir hinni svokölluðu Transilvaníu sem er frægari fyrir

Litið inn í sögu Siebenbürgen, austasta málsvæðis þýskrar tungu, sem er hluti af héraði sem nefnist Transilvanía

Drakúla greifa og skrítnar óperettu-figúrur en menningarlegt framtak. Þar þjuggu árið 1766 tæp hálf önnur milljón íbúa. 52 af hundraði voru Rúmenar og voru orthodox trúar, 41 prósent voru Ungverjar sem voru katólskir eða unitaríar og 6,5 prósent voru þýskir mótmælendur. Á valdatímum Maríu Theresíu átti sér stað hröð þróun í uppbyggingu landsins.

Skörun þjóðarbrotanna og trúarbragða var einnig félagsleg. Ungverski aðallinn og hástétt þýsku borgaranna mynduðu höfðingjavelði en Rúmenarnir voru, þrátt fyrir að þeir væru í meirihluta, ekki eins valdamiklir, og flestir þeirra voru ófrjálsir bændur. Þrjár þjóðir og fjögur trúarbrögð mynduðu hér fjöl-

breytt þjóðfélag, sem einkenndist af tillitsemi við önnur trúarbrögð, löngu áður en almennt trúfrelsi var viðurkennt.

1770 byrjuðu menn hér að taka Vínarborg sér til fyrirmyndar, ekki aðeins í byggingarlist heldur einnig félagslega. Á þessum tíma tók það næstum 11 daga að komast til höfuðborgarinnar og samgöngur innanlands voru erfiðar. En bréfsendingar tíðkuðust mjög og það var á þann máta sem hugmyndir upplýsingastefnunnar bárust eins og eldur í sinu um Evrópu og alla leið til Ameríku þar sem þær birtust 1776 í sjálfstæðisýfirlýsingu Bandaríkjaþjóðanna.

Hugsjónir um betri heim án einræðis, stéttaskiptingar og mismunandi trúarbragða komu sterklega fram í hinni svokölluðu „Konunglegu list“, sem hefur verið kölluð hin konunglega íþrótt á íslensku. Frímúrara-reglan helgaði sig allt frá stofnun árið 1717 sameiginlegu starfi í þágu almennings. Þar með telst umburðarlyndi í trúmálum, mannúðarstarfsemi og heimsmynd byggð á skynsemi. Alþjóðleg bræðrakeðja varð til, sem

með innri aga og trúariðkun leitaðist við að ryðja úr vegi takmörkunum og hindrunum og stuðlaði að almennum framförum með þátttöku í vísindum og listum. Þetta náði einnig til kvenna en boðaði ekki jafnræði þeirra þannig að bræðralagið skapaði ekki einungis ljós heldur einnig skugga.

Ein af stærstu stúkum austurríska keisaraveldisins var stofnuð í Sibiu 1767: St. Andreas zu den drei Seeb-lättern. Meðlimir hennar voru heldri borgarar í menningarlegum og félagslegum skilningi. Þeim tókst að brjóta niður þjóðernislegan, trúarlegan og stéttbundinn mismun um skamma hríð með góðum árangri. Bræðurnir stofnuðu lestrarfélög, komu á laggirnar steinasöfnum, opnuðu bókabúðir og komu á fót prentsmiðjum. Þeir höfðu áhrif á menntun almennings eða voru í hótélrekstri. Hotel Römischer Kaiser, sem er ennþá besta hótelið á svæðinu, var ekki einungis rekið og stækkað af frímúrararbróður, heldur var þar einnig aðsetur stúkunnar!

Stærsta menntabygging bæjarins, Brukenthalmenntaskólinn var byggður í klassískum barok stíl árið 1782 undir yfirumsjón frímúrararbróður. Kennarar sem höfðu lært í Þýskalandi komu til skólans og fluttu með sér nýjustu kenningar í kennslufræði frá Anhalt-Dessau til Transilvaníu.

1777 tilnefndi María Theresía Samuel von Brukenthal (1721 – 1803) ríkisstjóra í héraðinu. Hann var sá fyrsti af saxnesku bergi brotinn sem hlaut þessa stöðu, og þar með fékk Siebenbürgen ekki einungis saxneskan föðurlandsvin sem pólitískan leiðtoga, heldur einnig dyggan stuðningsmann upplýsingastefnunnar. Hann var frímúrarari og var í góðu sambandi við bræðurna á staðnum svo og á alþjóðlegum vettvangi. Hann hafði stundað nám í Halle, en náð frama í Wien fyrir tilstilli Maríu Theresíu. Hann tók mið af alþjóðlegum straumum, þegar hann var í Wien, og varð svo sjálfur fyrirmynd í útjaðri ríkisins. Hann áleit hamingju sína byggjast á því sem hann kom til leiðar og var boðberi borgarlegra dyggða.

Höll barónsins á miðju aðaltorgi bæjarins var miðdepill listræns inn-

blásturs og hins hugsandi anda. Málverkasafn Brukenthals taldi 1300 málverk og mörg þeirra voru verðmæt listaverk frá 16. til 18. aldar. Til þess að ná fram notagildi safnsins innréttaði hann sérstakan málarasal, fyrir sköpunar og þekkingarþörf listamanna. En það hafði varanleg áhrif á andlits- eða mannamyndalist í Siebenbürgen. Auk þess stofnaði hann bókasafn með allt að 15000 bindum, þar á meðal vermætum frumútgáfum. Brukenthal hugsaði sér og skipulagði bókasafnið, sem miðstöð upplýsingastefnunnar, hinnar frjálsu hugsunar, og stað þar sem list og vísindi gæddu hvort annað lífi. Samuel Hahnemann faðir smáskammtalækninganna var boðinn til Sibiu/Hermannstadt meðan hann var ennþá læknastúdent í Wien og var fyrsti bókaforður safnsins 1777 til 1797. Strax eftir komu sína til bæjarins var hann tekinn inn í stúkuna.

Brukenthal lagði grundvöll að búgarði sínum í Freck/Avrig sem litla eftirlíkingu af Schönbrunn, sumarhöll Maríu Theresíu. Á þessum stað, sem hann kallaði „Eden Siebenbürgen,“ kom hann fram með nýjungar og stóð fyrir umhverfisrannsóknunum. Rekstrarstjóri á þessum stóra búgarði var kona hans, Sophie. Garðinum var skipt í hluta, annars vegar með frönskum áhrifum og hins vegar enskan garð. Hér gat að finna sjaldgæfar plöntur, stórar Aloe plöntur, kaffitré og sykurreyr sem og lækningajurtir og ávaxtatré. Túllpanatré, safngripir frá Ameríku eru hér enn verðmætari náttúrminjar. Með rómantíska garða upplýsingastefnunnar að leiðarljósi var garðurinn ekki einungis mótað umhverfi, heldur lærdómsleið gegnum lífið og átti að stuðla að betri lífsgæðum rétt eins og listir og vísindi. Þetta er eini barokgarður Rúmeníu og bíður tilheyrandi hlutverks.

Það má því segja að í héraðinu Transilvaníu hafi heimsmaður verið að verki, sem hóf til vega ákveðinn hugsunarhátt sem stjórnmalamaður og safnari, menntafrömuður og listhneigður smekkmáður. Arfleifð hans var ekki aðeins huglæg heldur líka ápreifanleg. 1802 arfleiddi hann hið opinbera að söfnum sínum til að hindra að þau tvístruðust. Þetta var

menningarlega mjög mikilvæg dáð og höll hans var opnuð hátíðlega 1817 sem musteri vísinda og lista. Safn þetta er ekki aðeins hið merkasta í Rúmeníu heldur gjörvallri suðaustur-evrópu.

Fyrir 200 árum fékkst Samuel von Brukenthal ásamt fjölda samverkamanna við að koma ákveðinni lífsstefnu í framkvæmd. Lífsstefnu sem virðist vera nútímaleg og hefur áhrif á mataræði, garðaskipulag og andlega uppbyggingu. Líf sem byggist á jafnvægi dómgreindar og raunvísinda, þekkingar og vísku, fagurfræði í myndlist og skruðgarðaprýði svo að um nútímliga fyrirmynd er að ræða. Sveitasetrið og safnið í borginni hafa verið vanmetin á alþjóðlegum mælikvarða fram að þessu, og bíða nú eftir að uppfylla það hlutverk sem stofnandinn ætlaði þeim.

Ákveðin tenging er milli Sibiu og Vínarborgar. Í miðju Vínar, milli Náttúruminja- og Listasafnsins, er Baron von Brukenthal steiptur á stalli minnismarkis Maríu Theresíu og hann er hér í hópi glæstra persónleika 18. aldarinnar. Hér er um þá samverkamenn keisarynjunnar að ræða, sem tóku þátt í umbótaverkefnum hennar, og margir upplýsingastefnumenn og frímúrarar fylltu þann hóp. Tengingin nær lengra, til Leipzig þar sem áhrifa Hahnemanns gætti, en Brukenthal studdi þennan frumkvöðul náttúrulækninganna. En það eru einnig tengingar frá fortíðinni til framtíðar, þar sem vænta má upplýsingar og við framkvæmd jafnréttislögmáls leiða til þess að bræðralagið verði að systkinasamfélagi.

Sem menningarborg 2007 hefur Hermannstadt sérstakan blæ sem byggist á ápreifanlegum verðmætum en ekki síður huglægum. Boðskapurinn er skýr: Nálgast ber vísuna með því að rannsaka, gera styrkinn sýnilegan með óþrjótandi elju, auðga fegurðarskynið með víðfeðmri listþekkingu og nýta árangurinn í réttum hlutföllum til almenningsheilla.

Ég vona að það sem hér kemur fram sé til þekkingarauka á áriðandi störfum bræðra vorra á liðnum öldum í fjarlægum löndum.

Már Magnússon



Í tóft hringkirkjunnar í Örfjöru. Árni og Egill lesa um hið örlagaríka jólahald í Örfjöru sem sagt er frá í Orkneyjarsögu. Ljósmynd: Steingrímur Gunnarsson.

Á ferð um Orkneyjar

Pegar komið er í flugstöðina við Kirkjuvog vekur athygli að þar hanga tákn Orkneyja, fáni hins helga Magnúsar jarls Erlendssonar, rauður kross á gulum feldi og norski þjóðfáninn. Ferðamenn skyldu ekki fara í grafgötur um gildi sögunnar.

Orkneyingasaga er ein þeirra sagna sem ritaðar voru á Íslandi á miðöldum, að auki koma Orkneyjar eftirminnilega við sögu í mörgum Íslendingasögum.

Njarðarbræðurnir Árni Reynisson, Steingrímur Gunnarsson og Egill Þórðarson ásamt eiginkonum, þeim Önnu Bjarnadóttur og Yoko Arai, og lesfélaga Kjartani Jónssyni, voru á ferð í Orkneyjum í lok maí 2007. Frumhvati ferðarinnar var áhugi á að sjá sögustaði Orkneyingasögu, Birkisey þar sem jarlarnir sátu. Höfðingjasetrið Örfjöru þar sem eftirminnilegir atburðir gerðust og staðháttum er lýst mjög skilmerkilega í sögunni. Egilsey þar sem hinn helgi Magnús jarl Erlendsson féll fyrir Há-

koni jarli frænda sínum, um aldamótin 1100. Og ekki síst Kirkjuvog, höfuðstað eyjanna, þar sem árið 1137 var hafist handa við að reisa hina gríðar miklu dómkirkju sem helguð var Magnúsi jarli. Dómkirkja heilags Magnúsar kom í stað lítillar steinkirkju sem um tíma varðveitti skrínlögð bein dýrölingsins en var helguð Ólafi digra Haraldssyni. Sveitarfélagið er enn kennt við Ólaf helga og heitir St. Ola.

Fyrir ritun Orkneyingasögu eru skrifaðar heimildir heldur fáorðar um Orkneyinga, og er sagan því merkileg heimild um tilkomu norænna manna og búsetu þeirra í eyjunum.

Hún er því Orkneyingum kær lesning um elsta tímabil sögu sinnar sem ritaðar heimildir greina frá.

Hinsvegar talar fjöldi fornminja sínu máli, um að löngu fyrr hafi verið þar verið búseta manna og a.m.k. á sumum tímabilum blómleg menning. Merkar minjar allt að 5.000 ára gamlar bera vitni um þekkingu og verk-

kunnáttu er fá nútímamann til að staldra við í hljóðri undran. Þekktastar þessara minja eru tóftirnar í Skara Brae við langa Skála, steinahringurinn á Brúargarði, steinarnir í Steinni og Orkahaugur sem kemur við Orkneyingasögu, svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru mannvirki sem bera vitni um stjórnuathuganir, tímamælingar og háþróaða verkfræðikunnáttu.

Í dag er nautgriparækt og annar landbúnaður þróttmikil atvinnugrein á eyjunum ásamt móttöku ferðamanna og ýmissi þjónustu, en fiskveiðar hafa dregist mikið saman. Að Háey undanskilinni eru eyjarnar fremur láglendar skjóllitlar og skóglausar, en grösugar. Vestanáttin næðir tíðum um ávala ásana, svo einstaka tré sunnan undir húsvegg og lasburða gaddavírsgjöngar halla sér til austurs.

Orkneyingar eru einkar viðfeldið fólk sem tekur gestum af alúð og ýmsir hafa gaman af að rýna í hinn



T.v.: Steingrímur, Árni og Egill í glöðum hópi frímúrararbræðra í frístundaheimili stúkunnar Krikwall í Kilwinning no. 38.2. Ljósmynd Steingrímur Gunnarsson.

Að neðan t.h.: Í tóft Magnúsarkirkju í Egilsey. Árni les enska þýðingu Hermanns Pálssonar og Egill les frumtextann um það er Magnús jarl féll fyrir frænda sínum, Hákonni jarli. Kjartan Jónsson og ferðafólk fylgist með. Ljósmynd: Yoko A. Þórðarson.

Að neðan t.v.: Vesturhluti dómkirkju heilags Magnúsar í Kirkjuvogi. Ljósmynd: Yoko A. Þórðarson.



norræna arf. Þótt gamla málið Norn sé horfið, eru nær öll örnefni á eyjunum norræn að stofni, en aðlöguð ensk-skorskum rithætti. Flest nöfnin hafa því breyst nokkuð eins og Kirkjuvagr eða Kirkvaa sem varð Kirkwall. Rínansej varð North Rolandsay, Friðarey varð Fair Isle, Rögnvaldsey varð South Rolandsay, Vigr varð Wyre o.s.fv.

Í stærri bæjunum tveim eru starfandi frímúrarastúkur, önnur í Straumnesi og hin í Kirkjuvogi. Að fengnu leyfi heimsóttum við bræður í stúkunni Kirkwall Kilwinning no. 38.2 sem stofnuð var árið 1736. Stúkuhúsið þeirra var byggt laust fyrir aldamótin 1900 og stendur við Castle Street. Hlýlega var tekið á móti okkur af Stólmeistara og bræðrum í frístundaheimili þeirra í stúkuhúsinu sem opið er fram á kvöld sex daga í viku. Vorum við leystir út með gjöfum. Voru okkur gefin eintök af sögu stúkunnar og afrit af myndunum á Kirkjuvogsklæðinu. Við vorum forvitnir að vita hvort sagnir eða tengsl væru til frá þeim steinsmiðum

sem unnu að byggingu dómkirkjunnar á 12. öld, en ekkert hefur varðveist af slíku. Einnig vorum við forvitnir að fræðast um tengsl Sinclair jarlanna þriggja sem ríktu yfir eyjunum á 15. öld og stóðu m.a. fyrir byggingu kapellunnar í Roslin. Okkur var tjáð að Sinclair væri þriðja algengasta ættarnafnið á eyjunum og því hefðu menn með þessu nafni verið í stúkunni. Ekki var vitað um önnur tengsl. Fyrrverandi Stólmeistari og sagnfræðingur stúkunnar, bróður George David Partner sýndi okkur stúkusalinn, þ.á.m. stofnskrána sem gefin var út af Stórstúku Skotlands og hið umtalaða Kirkjuvogs klæði. Það mátti greinilega heyra að þeir höfðu orðið fyrir óþægindum af fjölmiðlafári sem þyrtað hafði verið upp vegna bókar sem út kom fyrir fáeinum árum og gerði meira úr aldri og sögu klæðisins en efni standa til. Klæðið sem talið er málað á seinni helmingi 18. aldar, er úr seglastriga og hafði verið notað sem gólfklæði í stúkustarfi, það er með ámáluðum sjö myndflötum í miðju og myndflötum eftir endilöngu

sitt hvoru megin sem sýnir ferð til landsins helga. Myndirnar fyrir miðju eru með táknum sem frímúrar þekkja mörg hver, en myndirnar til hliðanna segir bróðir Partner að sýni hina frægu Jórsalaför Rögnvaldar Orkneyja jarls, sem lýst er svo eftirminnilega í Orkneyingasögu. Að áliðnu ánægjulegu kvöldu héldum við aftur niður að sjó og heim á Ayre Hotel.

Við höfðum spurt leiðsögukonu okkar hvað orðið Ayre þýddi. Hún var fljót til svars:

Lágt og breitt malar eða sand nes sem skagar fram í sjó eða stöðuvatn.

Eftir það gistum við á Eyri.

Að lokinni fimm daga dvöl kvöddum Orkneyjar glöð í bragði og með yl í hjarta eftir kynnin við þetta viðkunnanlega fólk.

Auðvelt er að komast til Orkneyja frá Íslandi, flogið er að morgni frá Keflavík til Glasgow, þar sem upplagt er að borða hádegisverð og drekka síðan síðdegiskaffi í Kirkjuvogi.

Egill Þórðarson



Frímúrararakórinn 15 ára

*Um þessar mundir eru fimmtán ár síðan Frímúrararakórinn var stofnaður. Frumkvæði að stofnun kórsins áttu þeir Jón Stefánsson og Gunnlaugur V. Snævarr og var Gunnlaugur jafnframt fyrsti formaður kórsins. Allt frá upphafi hefur starfsemi kórsins verið mjög öflugur þáttur í frímúrarastarfinu og hefur kórinn komið fram á fjölmörgum samkomum í Reglunni, t.d. á hátíðarsamkomum og afmælisfundum stúkna, auk þess sem kórinn hefur árlega haldið tónleika sem jafnan hafa verið vel sóttir. Blandast engum hugur um að Frímúrararakórinn er einn besti karlakór landsins og fara þar saman góðir söngvarar og landsþekktir einsöngvarar, stjórnendur og undirleikarar.
(Ljós. Jón Svavarsson)*

St. Jóh. fræðslustúkan Dröfn í Siglufirði 25 ára

St. Jóhannesarfræðslustúkan Dröfn á Siglufirði var stofnuð 19. nóv. 1983, en áður hafði verið starfandi Bræðrafélag Frímúrara á Siglufirði í 10 ár. Í fyrstu fóru fundir bræðrafélagsins fram í sölum sem bræðurnir höfðu aðgang að víða í bænum. Síðar eignaðist félagið eigið húsnæði þegar þeir keyptu neðri hæð húseignarinnar Grundargötu 11 árið 1980. Þar byggðu þeir upp fullkominn fundarsal sem vígður var við stofnun Drafnar 19. nóv. 1983. Árið 1995 keypti fræðslustúkan efri hæð hússins og hófu bræður þá enn á ný að innrétta húsið og byggðu nýjan og veglegan sal á efri hæðinni auk bættrar aðstöðu á allan hátt. Nýr stúkusalur var svo vígður á 15 ára afmæli Drafnar í nóvember 1998. Fræðslustúkan eignaðist nýtt hljóðfæri árið 2001 sem er 25 radda rafmagnsorgel.

Aðstaða Fræðslustúkunnar Drafnar er nú eins og best verður á kosið. Með tilkomu vandaðs hljóðfæris hef-

ur vægi göfugar tónlistar aukist og hátíðleiki starfsins að sama skapi.

Fyrsti Stj.br. Drafnar var Þ. Ragnar Jónasson en hann gegndi formennsku Bræðrafélagsins frá stofnun þess. Eftirtaldir bræður hafa einnig gegnt starfi Stj.br. Drafnar: Séra Vigfús Þór Árnason 1988-1990, Viðar Otteson 1990-1992, Sigurður Fanndal 1992-1998, Hermann Jónasson 1998-2007 og Sigurður Hlöðversson frá 2007.

Verndarstúka Drafnar er St. Jóhannesarstúkan Rún á Akureyri. Ákaflega gott samstarf hefur verið milli Rúnar- og Drafnarbræðra í gegnum tíðina.

Í tilefni þessara tímamóta verður haldið upp á 25 ára afmæli Drafnar þann 20. sept. n.k. með veglegum hætti og er undirbúningur fyrir afmælishátíðina þegar hafinn af fullum krafti. Drafnarbræður eiga von á fjölmörgum gestum í tilefni afmælisins.

Sigurður Hlöðversson

Nýkjörinn stólmeistari St. Jóh.st. Glitnis

Þann 16. janúar sl. tók br. Kristján Jóhannsson við embætti stólmeistara St. Jóh.st. Glitnis af br. Jóhanni Heiðari Jóhannssyni, sem gegndi embættinu síðastliðin 6 ár.



Kristján Jóhannsson

Br. Kristján Jóhannsson er fæddur 4.1. 1951. Hann lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands vorið 1972 og BSc.Econ prófi frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn 1978. Hann stundaði framhaldsnám við sama skóla og lauk MSc.Econ prófi 1981 með fjármál fyrirtækja sem sérgrein.

Kristján vann ýmis sérfræðistörf í Danmörku með náminu. Eftir heimkomu varð hann hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda 1981-1984, framkvæmdastjóri AB/Eymundsson 1984 – 1990, lektor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands frá 1991, forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar 1993-2002 og kennari á námskeiðum E.H.Í. frá 1996. Kristján hefur meðfram rannsóknum og kennslu í Háskólanum sinnt fyrirtækjaráðgjöf og stjórnarstörfum. Hann var formaður Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga 1986-1990.

Br. Kristján gekk í St. Jóh.st. Glitni haustið 1990 og hefur um árabíl gegn embættum í stúkunni. Hann var vY.Stv 1993-2002, E.Stv 2002-2005 og 3Vm 2005-2007 og 1Vm þar til hann var kjörinn stólmeistari.

Riddari og Kommandör...

27. maí árið 1811 stofnaði Karl XIII, þáverandi Svíakonungur, riddarareglu sem ber nafn hans enn í dag. Spurt er hvað sé svo merkilegt við það: Jú þessi riddararegla er á margan hátt óvenjuleg, og þá einna helst fyrir það að hún er eingöngu veitt meðlimum í Frímúrarareglum þrátt fyrir að hún sé opinber regla samkvæmt sænskum lögum. Þess ber þó að geta að orða riddarareglunnar tengist ekki beinlínis sænska ríkinu, heldur og fremur er

hún lögleiddur gjörningur fyrir sænska konungshúsið að veita hana eingöngu Frímúrarum. Orða Karls XIII er að sjálfsgöðu ekki sjálfgefin því aðeins um 33 bræður bera þessa merkilegu orðu á hverjum tíma. Regla þessi hefur sinn eigin Riddarakapítula og þótt það hljómi ef til vill gamaldags þá viðheldur hún gömlum hefðum eins og sérstökum riddaraglæðum og öðrum síðum frá löngu liðnum tíma.

Einkenni Karls XIII orðunnar eru rúbín litaður St. Georgs kross í rauðum silkiborða sem er notaður um hálsinn, eins og við þekkjum vel hjá bræðrum með R&K stig sænska kerfisins. Í miðju krossins er hvítur emeleraður hnöttur með upphafsstöfum stofnanda orðunnar og XIII

En á hinni hliðinni er tákni sem minnir á J eða B í gullnum þríhyrning. Ofan á efri hluta krossins er síðan lokað gyllt kóróna.

Íslenskir frímúrarar sem hlotið hafa orðu Karls VIII:

Ólafur Lárusson prófessor, fyrrv. SMR.

Ásgeir Ágeirsson forseti, fyrrv. SMR

Ásgeir Magnússon lögfræðingur, fyrrv. SMR

Víglundur Möller skrifstofustjóri fyrrv. SMR

Jens Gunnar Möller framkvæmdastjóri, fyrrv. SMR

Indriði Pálsson framkvæmdastjóri, fyrrv. SMR

Sigurður Örn Einarsson skrifstofustjóri, fyrrv. SMR



Rauður kross sem SMR Frímúrarareglunnar á Íslandi ber.



R&K kross br. Ludvigs Kaaber með fangamarki Friðriks konungs VII, sem innleiddi sænska reglukerfið í Danmörku.



R&K kross Frímúrarareglunnar. Hann ber fangamark Reglunnar í spegilskrift FÍ (Frímúrarareglan á Íslandi). Ofan á efri hluta krossins er opin gyllt kóróna. R&K kross Frímúrarareglunnar er ekki opinber orða.



Rauður kross með gullrósum, æðsta stigs í „Det rektificerede System“. Eftir að sænska kerfið var innleidd í Danmörku um 1850 lifði „Det rektificerede System“ áfram í Sviss og Frakklandi. SMR kerfisins afhenti Br. Ludvig Kaaber heiðursmerkið við hátíðlega athöfn á Hotel d'Anglaterre í Kaupmannahöfn 1924.



Frá Minjasafni Reglunnar



Neutral

Ikke tilsat parfume, optisk hvidt og farvestoffer

DEKL. MED AF

En holdning til følsom hud

Neutral
skyllemiddel

Ikke tilsat parfume og farvestoffer

4 x koncentreret

En holdning til følsom hud

Neutral[®]

Ikke tilsat parfume, optisk hvidt og farvestoffer

DEKLARERET I SAMARBEJDE MED ASTMA ALLERGI FORBUNDET

En holdning til følsom hud

Nú er rétti tíminn til að huga að garðhúsgögnum



G
A
N
D
I
A
B
L
A
S
C
O



garðhúsgögn

Garðhúsgögnin frá **Gandia Blasco** eru annáluð um allan heim fyrir einstaka hönnun. Þau eru konfekt fyrir augað og framlenging á stofunni út í garð. Garðhúsgögnin geta staðið úti allt árið og eru gerð úr áli og harðplasti. Framleidd í 6 litum.

Reykjavík / Oslo



Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is